

REGLUR

um afmörkun á kerfislega mikilvægu fjármálafyrirtæki á alþjóðavísu.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um greiningu og afmörkun á fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sem kerfislega mikilvægu fjármálafyrirtæki á alþjóðavísu.

2. gr.

Aðferðafræði við að greina og afmarka kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki á alþjóðavísu.

Um greiningu og afmörkun Seðlabanka Íslands á kerfislega mikilvægum fjármálafyrirtækjum á alþjóðavísu og röðun þeirra í flokka eftir kerfislegu mikilvægi skv. 86. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, fer eftir framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1222/2014, með síðari breytingum, sbr. 3. gr.

3. gr.

Innleiðing reglugerða.

Með reglum þessum öðlast eftirtaldar reglugerðir gildi hér á landi:

1. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1222/2014 frá 8. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla til nánari útskýringar á aðferðafræðinni við að greina kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu og til skilgreiningar á undirflokkum kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 71. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 69 frá 29. október 2020, bls. 72-81.
2. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1608 frá 17. maí 2016 um breytingar á framseldri reglugerð (ESB) nr. 1222/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla til nánari útskýringar á aðferðafræðinni við að greina kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu og til skilgreiningar á undirflokkum kerfislegra stofnana á alþjóðavísu, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 77. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 69 frá 29. október 2020, bls. 106-108.
3. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/539 frá 11. febrúar 2021 um breytingar á framseldri reglugerð (ESB) nr. 1222/2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla til nánari útskýringar á aðferðafræðinni við að greina kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu og til skilgreiningar á undirflokkum kerfislegra mikilvægra stofnana á alþjóðavísu, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2022 frá 29. apríl 2022.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 57/2015, vísar Seðlabanki Íslands til birtingar enskrar útgáfu af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/539 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (e. Official Journal of the European Union): <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32021R0539>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 108, þann 29. mars 2021, bls. 10-14.

4. gr.
Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 16. tölul. 1. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, taka gildi þegar í stað. Með gildistöku þeirra falla úr gildi reglur nr. 1081/2021 um afmörkun á kerfislega mikilvægu fjármálafyrirtæki á alþjóðavísu.

Seðlabanka Íslands, 13. júlí 2022.

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri.

Rannveig Júníusdóttir
framkvæmdastjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 27. júlí 2022